

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 2013 í máli nr. E-3684/2011:**

**Magnús Björn Brynjólfsson**

*(Hilmar Magnússon hrl.)*

**gegn**

**Hildi Petersen**

*(Andri Árnason hrl.)*

Mál þetta sem dómtekið var þann 1. október sl. var höfðað 14. júlí 2011 af Magnúsi Birni Brynjólfssyni, Hafnarstræti 20 í Reykjavík gegn Hildi Petersen, Hörgshlíð 26 í Reykjavík til riftunar kaupa og endurgreiðslu kaupverðs.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega að viðurkennd verði riftun, dags. 15.9.2009 á kaupum hans á stofnfjárbréfum stefndu, er áttu sér stað þann 26.7.2007 að fjárhæð kr. 5.000.005 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og að stefndu verði gert að endurgreiða 5.000.005 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26.7.2007 til 16.9.2009; en þá með dráttarvöxtum af sömu fjárhæð samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða skaðabætur að fjárhæð 5.000.005 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26.7.2007 til 16.9.2009; en þá með dráttarvöxtum af sömu fjárhæð samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu vegna sölu hennar á stofnfjárbréfum til stefnanda hinn 26.7.2007 að fjárhæð 5.000.005 krónur í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Stefnandi krefst málskostnaðar sér að skaðlausu auk virðisaukaskatts eftir ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefnda þess að henni verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Atvik máls þessa eru þau að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sendi frá sér fréttatilkynningu 17. júlí 2007, þar sem greint var meðal annars frá því að stjórn sparisjóðsins hefði samþykkt þann dag að undirbúa breytingu hans í hlutafélag og

óska eftir skráningu þess í kauphöll. Hafi ráðgjafarfyrtækið Capacent metið markaðsvirði sparisjóðsins miðað við 31. mars 2007, en á grundvelli þess mats ættu 85% hlutafjár í hlutafélaginu að falla til stofnfjáreigenda í honum og 15% til sjálfseignarstofnunar, sbr. þágildandi 74. gr. og 76. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ráðgert væri að markaði fyrir stofnfjárbréf í sparisjóðnum yrði lokað 7. ágúst 2007 og myndi stjórn hans ekki samþykkja framsal á þeim upp frá því, en eftir það yrði næst unnt að eiga viðskipti með eignarhluti í sparisjóðnum í formi hlutabréfa eftir skráningu hlutafélagsins í kauphöll. Væri stefnt að því að sú skráning fengist í september 2007.

Stefnandi var meðal þeirra, sem gerðust stofnfjáreigendur á þessu tímabili. Í því skyni leitaði hann 25. júlí 2007 til SPRON verðbréfa hf., sem hafði á hendi markað fyrir stofnfjárbréf í sparisjóðnum, en þau voru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Samkvæmt endurriti af hljóðrituðu símtali, sem stefnandi átti þá við tiltekinn verðbréfamiðlara, óskaði sá fyrrnefndi eftir því að gert yrði fyrir sig tilboð í stofnfjárbréf á genginu 5,05 og miðað við að heildarkaupverð yrði 5.000.000 króna. Verðbréfamiðlarinn skýrði stefnanda í símtalinu frá því að kaupin væru háð því hvort þeir sem ættu bréfildu selja og með kauptilboðinu væri stefnandi raunverulega að reyna að freista þeirra. Ódýrasta sölutilboðið þann dag væri á genginu 5,13 og það væri þá frá stofnfjáreiganda sem með því auglýsti að hann væri tilbúinn að selja á því verði. Hvorki var spurt um né það upplýst í símtalinu hver það væri sem væri seljandi stofnfjórhlutanna. Í símtalinu kom fram að gengið hefði hækkað mikið eftir að birt var fréttatilkynning um að SPRON væri á leið inn í Kauphöllina og markaðurinn hefði tekið við sér, of mikið fyrir minn smekk, hafði verðbréfamiðlarinn sagt. Á grundvelli tilboðs stefnanda komust á kaup 26. júlí 2007 á genginu 5,05 og greiddi stefnandi 30. júlí s.á. SPRON verðbréfum hf. kaupverð bréfanna sem var 4.950.500 krónur og 1% kaupþóknun, 49.505 krónur, samtals 5.000.005 krónur.

Á stjórnarfundum í sparisjóðnum 9. ágúst 2007 voru kaup stefnanda á stofnfjárbréfunum samþykkt. Á fundinum kom fram að 5,4% stofnfjár í sparisjóðnum höfðu skipt um hendur á tímabilinu frá 24. júlí 2007 fram að lokun markaðar fyrir stofnfjárbréf 7. ágúst s.á. og hefði stofnfjáreigendum þá fjölgað um 200, þannig að heildarfjöldi þeirra væri orðinn rúmlega 1.700. Á fundi stofnfjáreigenda, sem stefnandi þá tilheyrði, í sparisjóðnum, 21. ágúst 2007, var samþykkt að breyta Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag og var félagið skráð í kauphöll í framhaldi af því. Stefnandi fékk hlutabréf í hlutafélaginu að nafnverði 198.883 krónur í stað stofnfjárbréfa sinna.

Fjármálaeftirlitið tók 21. mars 2009 yfir vald hluthafafundar í félaginu, vék félagsstjórn frá störfum og skipaði því skilanevnd og Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði síðan slitastjórn 23. júní 2009. Stefnandi krafði skilanevnd og síðar slitastjórn um upplýsingar um það hver hefði átt þau stofnfjárbréf sem hann hafði keypt í júlí 2007. Stefnandi fékk þær upplýsingar 2. september 2009 að stefnda, sem þá hafði verið formaður stjórnar SPRON, hefði verið seljandi bréfanna.

Stefnandi sendi stefndu riftunar- og kröfubréf 15. september 2009 þar sem lýst var yfir riftun á kaupnum vegna galla á grundvelli laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í bréfinu segir stefnandi stórfellda galla vera á stofnfjárbréfunum þar sem stefnda hafi, sem stjórnarmaður í SPRON á þeim tíma sem viðskiptin fóru fram, haft upplýsingar um verðmæti sparisjóðsins og þar með bréfanna sem stefnandi hafi

ekki haft. Stefnda hafi, sem stjórnarmaður og innherji, misnotað aðstöðu sína og trúnaðarupplýsingar Capacent ráðgjafar frá því í maí 2007, sem engum öðrum hafi verið aðgengilegar, með grófum og stórfelldum hætti. Stefnda hafi hagnýtt sér upplýsingar með óheiðarlegum og saknæmum hætti henni til hagsbóta en stefnanda til tjóns. Í bréfinu var jafnframt vísað til samningalaga, nr. 7/1936, þar sem hugsanlega hafi verið um fjársvik að ræða. Stefnandi krafðist endurgreiðslu fimm milljóna króna með tæplega þriggja milljón króna dráttarvöxtum, auk innheimtuþóknunar og virðisaukaskatts, samtals 8.522.498 króna, innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins.

Með bréfi lögmanns stefndu 28. september 2009 til stefnanda var kröfum hans um riftun og endurgreiðslu hafnað og sjónarmiðum hans mótmælt. Í bréfinu kemur fram að stefnda hafi ekki við sölu á stofnfjárbréfunum haft undir höndum neinar sértækar eða leynilegar upplýsingar eða gögn um verðmæti SPRON sem ekki hafi verið eða mátt vera öðrum kunn. Verðmat á sparisjóðnum hafi verið birt opinberlega 17. og 18. júlí 2007 og markaðsverð á bréfunum hafi tekið mið af almennum væntingum á þessum tíma. Ekki hafi verið vísað til neinna gagna um þá fullyrðingu að stefnda hafi beitt blekkingum við sölu hlutanna með því að leyna upplýsingum sem verulegu máli kynnu að skipta við mat á verðmæti sparisjóðsins. Sala stofnfjárhlutanna hafi að öllu leyti verið í samræmi við þær reglur sem um sölu slíkra hluta giltu.

Ágreiningur máls þessa snýst um réttmæti riftunarkröfu stefnanda og kröfu hans um endurgreiðslu eða skaðabætur úr hendi stefndu vegna kaupa hans á stofnfjárbréfum hennar.

Umrædd viðskipti aðila hafa áður komið til umfjöllunar dómstóla og einnig stjórnvalda á undangengum misserum að frumkvæði stefnanda. Upplýsingar um þau mál eru hluti af málatilbúnaði stefnanda og verður hér greint frá þeim.

Stefnandi sendi slitastjórn SPRON hf., 16. september 2009, kröfulýsingu að sömu fjárhæð og hann krafði stefnanda um, með vísun til riftunar viðskiptanna, og lýsti henni sem almennri kröfu í búið. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur var máli stefnanda til viðurkenningar á kröfunni vísað frá dómi en kom til meðferðar dómsins að nýju með dómi Hæstaréttar í máli nr. 315/2012. Með úrskurði héraðsdóms 28. september 2012, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 650/2012 14. nóvember 2012 var því hafnað að viðurkenna kröfuna við slitameðferð SPRON hf. Þar kom fram að orsök tjóns stefnanda verði ekki rakin til meintrar ólögætrar eða saknæmrar háttsemi af hálfu stjórnar, stjórnarformanns eða starfsmanna SPRON eða SPRON verðbréfa hf. og sé ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Í dómi Hæstaréttar kom m.a. fram að regluverði í þjónustu SPRON hefði hvorki verið tilkynnt um viðskipti stjórnarformanns Sparisjóðsins við stefnanda né verið af öðrum sökum kunnugt um þau. Ætluð háttsemi stjórnarformannsins, sem stefnandi telji varða skaðabótaskyldu, gæti í engu fallið undir þá ábyrgð sem SPRON hafi borið á gerðum stjórnarformannsins vegna rækslu starfa hans, en sala á stofnfjárbréfum hans hafi verið þeim störfum með öllu óviðkomandi.

Með bréfi til Fjármálaeftirlitsins 2. nóvember 2009 óskaði stefnandi svara við tilteknum spurningum varðandi það hvaða reglur giltu um sölu stefndu á stofnfjárhlutum í SPRON á umræddum tíma. Í svari Fjármálaeftirlitsins 27. janúar

2010 kom m.a. fram að þágildandi innherjareglur 9. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti giltu ekki um stjórnendur sparisjóða á þeim tíma sem stefnda seldi stofnfjárbréf sín og þeim hafi þá verið óskilytt að birta upplýsingar um víðskipti sín með óskráð stofnfjárbréf. Í víðskiptum með óskráða fjármálagerninga njóti samningsaðilar réttarverndar almennra reglna samningaréttar svo sem ákvæða um upplýsingaskilyldu seljanda og ákvæða um misneytingu og svik.

Með kærubréfi, 28. janúar 2010, til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra krafðist stefnandi rannsóknar á því hvort stefnda hefði gerst sek um fjársvik eða annað refsivert athæfi samkvæmt almennum hegningarlögum við sölu stofnfjárbréfa sinna til stefnanda. Að lokinni rannsókn málsins var kærinni vísað frá 11. nóvember 2010 með ákvörðun Ríkislögreglustjóra. Sú ákvörðun var borin undir ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðun Ríkislögreglustjóra 7. janúar 2011. Í ákvörðun ríkissaksóknara kom m.a. fram að reglur um innherjaviðskipti hafi ekki átt við um stefndu á þeim tíma sem hún seldi bréf sín og að skylda fruminnherja til að birta upplýsingar um víðskipti sín hafi ekki hvílt á henni á þeim tíma sem víðskiptin fóru fram. Við rannsókn málsins hafi komið fram að stefnda hafi ekki selt allan hlut sinn í SPRON og hafi enn haft mikilla hagsmuna að gæta við hlutafjárnvæðingu SPRON. Rannsókn málsins hafi ekki leitt í ljós að hún hafi á ólögsmætan hátt leynt upplýsingum sem áhrif gætu hafa haft á verðmæti bréfanna. Ekki hafi verið sýnt fram á samhengi milli ætlaðrar almennrar hvatningar frá stjórnarmönnum eða starfsmönnum SPRON til víðskiptavina um að kaupa bréfin og hækkunar á verði þeirra og sölu stefndu á bréfum. Ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að slík hvatning hafi átt sér stað til víðskiptavina í sviksamlegum tilgangi, en stefnda hafi almennt ekki verið í þeirri stöðu að ræða við hugsanlega kaupendur bréfa. Væntingar vegna fyrirhugaðrar breytingar félagsins í hlutafélag með þeim möguleikum sem því fylgi hafi væntanlega leitt til aukins áhuga á kaupum bréfanna á þessum tíma og haft áhrif til hækkunar á verði. Endanleg ákvörðun um það hvort félaginu yrði breytt í hlutafélag hafi verið í höndum stofnfjáreigendanna sjálfra. Ekki hafi tekist að sýna fram á að stefnda hafi með háttsemi sinni framið refsiverðan verknað sem heimfærður yrði undir 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Stefnandi höfðaði vitnamál gegn stefndu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, mál nr. V-11/2011, og voru vitnaskýrslur teknar fyrir dóminum af formanni slitastjórnar SPRON hf. og regluverði SPRON 30. júní 2011. Meðal þess sem þar kom fram var að samkvæmt reglum SPRON, á þeim tíma sem umrædd víðskipti áttu sér stað, skyldi regluvörður veita leyfi fyrir víðskiptum stjórnarmanna SPRON með stofnbréf, með fyrirvara um samþykki stjórnar. Regluvörður kannaðist ekki við að hafa fengið beiðni um slíkt samþykki frá stefndu fyrir sölu hennar á stofnfjárbréfum, en staðfesti að á svipuðum tíma hefði hann heimilað víðskipti annarra stjórnarmanna með stofnfjárbréf. Heimildir til víðskipta hafi í öllum tilvikum verið veittar, með fyrirvara um samþykki stjórnar, með hliðsjón af því að á þeim tíma hafi engar innherjaupplýsingar legið fyrir sem haft gætu áhrif á víðskipti með stofnbréf þar, sem upplýsingar um verðmat Capacent á sparisjóðnum hafði verið birt opinberlega.

Stefnda kom fyrir dóminn við aðalmeðferð þessa máls og skýrði frá því að ástæða þess að hún ákvað að selja innan við þriðjung stofnfjárbréfa sinna í sparisjóðnum á þessum tíma var sú að hún kaus að fjárfesta í Auði Capital, til að leggja þeim konum lið sem að því félagi stóðu. Hún hafi ákveðið að selja aðeins 27% af

eignarhlut sínum því hún hafi talið SPRON vera góða fjárfestingu á þeim tíma. Hún hafi ekki vitað að það var stefnandi sem keypti bréfin og hafi ekki séð fyrir að stefnandi yrði fyrir tjóni með kaupunum, en bréfin hefðu verið eftirsótt á markaði á þeim tíma. Stefnanda gat ekki gefið skýringar á því hvers vegna engar upplýsingar væru fyrir hendi um að hún hefði leitað heimildar regluvarðar vegna sölunnar, en regluvörður og lögmaður hefðu á þessum tíma farið yfir þessi mál og upplýst stjórnarmenn um að þeim væri heimilt að eiga viðskipti með stofnfjárbréf eftir birtingu fréttatilkynningar um skýrslu Capacent. Stefnanda upplýsti að þegar stjórn sjóðsins samþykkti söluna 9. ágúst 2007 hafi hún ekki vikið af fundi, þar sem engin álitamál hefðu komið upp varðandi viðskiptin, en salan var þar samþykkt ásamt fjölda annarra viðskipta með stofnbréf.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi styður kröfur sínar þeim málsástæðum að stefnanda hafi verið fruminnherji og hafi búið yfir innherjaupplýsingum við sölu bréfanna, um bága eða mjög slæma fjárhagsstöðu SPRON, sem gert hafi það að verkum að hún hafi ákveðið að selja bréf sín. Stjórn SPRON hafi verið send matsskýrsla Capacent um verðmat SPRON, hún hafi verið merkt sem trúnaðarmál og enginn haft aðgang að henni nema stjórn og formaður hennar. Þótt tölur hafi verið birtar úr skýrslunni áður en stefnandi hafi keypt stofnbréfin hafi forsendur hennar ekki verið birtar, en innihald skýrslunnar og innihaldsleysi séu mjög mikilvægar innherjaupplýsingar. Stefnanda sé sek um blekkingar og hafi þagað sviksamlega yfir mikilvægum upplýsingum.

Stefnanda hafi brotið gegn tilgreindum innri reglum SPRON og því séu viðskiptin ekki gild. Hún hafi sniðgengið regluvörð SPRON, en hún hafi haft tilkynningarskyldu um viðskipti sín og eftirlitsskyldu með störfum regluvarðar. Hún hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi sýnt af sér ásetning og/eða stórkostlegt gáleysi og valdið því að stefnandi glataði verðmæti stofnfjárins í hendur stefndu. Tjón stefnanda sé alltjón sem stefnanda beri ábyrgð á samkvæmt sakarreglunni. Verulegur galli hafi verið á hinu selda og sé riftun því heimil. Bréfin hefðu ekki verið keypt ef upplýst hefði verið um hver væri seljandinn. Skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi vegna verulegra vanefnda.

Aðstöðumunur hafi verið á aðilum stefnanda í óhag og riftun sé heimil vegna brostinna forsendna. Ógilding kaupanna sé heimil á grundvelli samningalaga vegna þess að leynt hafi verið með óheiðarlegum hætti hver seljandinn væri. Víkja megi samningnum um kaupin til hliðar af því að ósanngjarnt sé að bera hann fyrir sig vegna aðstöðumunar aðila og þess að stefnanda hafi misnotað sér aðstöðu sína til að hagnast á kostnað stefnanda, en beita megi lögjöfnun frá lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, um stöðu hennar.

Þá styður stefnandi kröfu um riftun og endurgreiðslu því að stefnanda hafi notað stöðu sína gagnvart honum í því skyni að koma á viðskiptum á afar viðkvæmum tíma í skjóli upplýsinga, sem hún ein hafi setið að en leynt stefnanda. Stefnandi telji, með vísan til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins m.a. um brostnar forsendur, að það leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum. Þá bendi stefnandi á 18. og 19. gr. laga nr. 50/2000, til stuðnings riftunarkröfu sinni. Aðilar hafi ekki setið við sama borð. Stefnanda hafi verið skylt samkvæmt almennum reglum

samnings- og kröfuréttar að veita stefnanda þær upplýsingar er áhrif gætu haft á kaupin. Stefnda hafi vanrækt það og því teljist söluhlutur, stofnfjárbréfin, gallaður og haldinn verulegum galla. Hefði stefnandi vitað að eigandi stofnfjárbréfanna væri stjórnarformaður bankans, sem búið hafi yfir innherjaupplýsingum, hefði hann aldrei keypt þau. Skilyrði riftunar séu uppfyllt. Hér sé um verulega vanefnd að tefla. Sök sé fyrir hendi, ásetningur og/eða gáleysi. Yfirlýsing um riftun hafi verið lögð fram um leið og ljóst hafi verið hver hafi verið viðsemjandi stefnanda. Af þeim sökum sé stefnanda heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000.

Þá beri að líta til þess að stefnandi hafi ekki verið sérfræðingur í verðbréfavíðskiptum og hafði aldrei átt viðskipti með stofnfjárbréf í sparisjóði. Stefnda hafi hins vegar verið æðsti yfirmaður sparisjóðsins og hafi haft allar upplýsingar í hendi um slæma stöðu sparisjóðsins, sem meta megi til innherjaupplýsinga. Hún hafi sniðgengið regluverk bankans sem fruminnherji. Hún beri sönnunarfærsluna fyrir því að hún hafi verið í góðri trú og farið að reglum SPRON í einu og öllu er hún hafi selt stofnfjárbréfin til stefnanda.

Um fjártjón og orsakasamband kveði stefnandi tjón sitt vera sennilega afleiðingu af hinni bótaskyldu háttsemi stefndu. Bein orsakatengsl séu milli háttsemi stefndu og tjónsins. Stefnda hafi skert lögvarða hagsmuni stefnanda með háttsemi sinni, sem falist hafi í því að koma fram sem stjórnarformaður (fruminnherji), fara með leynd og blekkja stefnanda til viðskipta með sviksamlegu athæfi sínu. Hið bótaskylda atvik hefði ekki átt sér stað ef stefnda hefði komið heiðarlega fram og upplýst stefnanda um stöðu sína og fyrirætlan áður en kaupin voru gerð. Allar eftirlits- og starfsreglur SPRON, lög nr. 33/2003, reglugerð nr. 630/2005 og lög nr. 50/2000 og samningalög nr. 7/1936 hafi verið brotin. Stefnda hafi valdið stefnanda altjóni, sem nemi 5.000.005 krónum. Meginmarkmið bótakröfunnar sé að stefnda, sem beri persónulega ábyrgð á háttsemi sinni, greiði stefnanda þá fjármuni, sem hann sannanlega hafi látið af hendi vegna þessara viðskipta og geri hann eins settan eins og viðskiptin hafi ekki átt sér stað.

Altjón stefnanda sundurliðist þannig að stefnandi hafi keypt að nafnvirði 444.561 hlut. Hlutirnir hafi verið framreiknaðir þannig:  $444.561 \times 2,205509 = 980.297$ . Gengið hafi verið ákveðið  $5,05 \times 980.297 = 4.950.500$  krónur, sem sé kaupverð stofnfjárins. Kauppóknun hafi verið 1% af kaupverði eða 49.505 krónur. Samtals hafi því uppgjörsverð á stofnfjárhlutum sem stefnda hafi selt verið 5.000.005 krónur sem sé stefnufjárhæð málsins. Stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni vegna sviksamlegrar háttsemi stefndu. Orsakasamband sé á milli athafna stjórnarformannsins og altjóns stefnanda, sem sé afleiðing af athöfnum/athafnaleysi stjórnarformannsins. Hún beri persónulega ábyrgð á því með ásetningi eða gáleysi sínu að hafa blekkt stefnanda sem fruminnherji. Það geri hana skaðabótaskylda. Sé ekki unnt að fallast á kröfu stefnanda um fjárhæðir sé gerð þrautavarakrafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu.

Stefnandi hafi ekki sýnt tómlæti, þar sem hann hafi ekki haft hugmynd um við hvern hann hafi átt viðskipti fyrr en það hafi verið upplýst í september 2009. Þá hafi hann strax sent stefndu riftunar- og kröfubréf. Þá hafi hann bæði ritað regluverði bankans og þeim verðbréfasala innan bankans sem komið hafi á umræddum viðskiptum. Hvorugur hafi svarað bréfum hans. Stefnandi hafi kært stefndu til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra og síðar ríkissaksóknara.

Stefnandi hafi beðið niðurstöðu þeirra rannsókna, sem hafi ekki legið fyrir fyrr en 7. janúar 2011. Það hafi ekki verið fyrr en með yfirheyrslum 30. júní 2011 sem mál hafi tekið að skýrast varðandi athafnaleysi regluvarðar gagnvart stefndu.

Vextir samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 séu miðaðir við þann tíma er kaupin hafi átt sér stað 26. júlí 2007 til 15. september 2009 en þá hafi verið krafist riftunar og endurgreiðslu samkvæmt bréfi stefnanda. Dráttarvextir séu samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga.

Um lagarök byggji stefnandi á reglum SPRON sem dagsettar séu 11. desember 2003, 1. mars 2007, 31. janúar 2007, 2. nóvember 2006 og árið 2004. Stefnandi vísi til almennrar sakarreglu skaðabótaréttar varðandi sök stefndu. Stefnandi byggji á 54. gr., 55. gr., 62. gr. og 64. gr. laga, nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 18. gr., 19. gr. og 30. gr. til 40. gr. laga, nr. 50/2000, um lausafjárkaup, 30. gr., 33. gr. og 36. gr. samningalaga, nr. 7/1936, og almennra reglna kröfuréttarins, 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og laga, nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Einnig sé bent á 6. gr., 14. gr., 15. gr., 56. gr., 58. gr., 59. gr., 60. gr., 61. gr., 63. gr. og 64. gr. laga, nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, til stuðnings málstað stefnanda. Þá byggji stefnandi á 129. gr. og 130. gr. laga, nr. 91/1991, um meðferð einkamála, varðandi málskostnað og 8. gr. og 6. gr. laga, nr. 38/2001, um vexti af kröfu stefnanda. Máli sínu til stuðnings bendi stefnandi á reglugerð, nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik, sem gildi um athæfi stefndu. Þá bendi stefnandi á gildi reglugerðar, nr. 994/2007, um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB), nr. 1287/2006 frá 10. ágúst 2006, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB, að því er varði skyldur fjármálafyrirtækja varðandi skýrsluhald, tilkynningar um víðskipti, gagnsæi á markaði, töku fjármálagerninga til víðskipta og hugtök sem séu skilgreind að því er tilskipunina varði. Stefnandi byggji einnig á ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 65/2005, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn sem tekið hafi gildi 29. apríl 2005. Þá bendi stefnandi á 1. mgr. 2. gr. laga, nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið til stuðnings máli sínu.

## **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

Af hálfu stefndu er öllum málsástæðum stefnanda um að stefnda hafi búið yfir innherjaupplýsingum um bága eða slæma fjárhagsstöðu SPRON, eða að stefnda hafi á annan hátt beitt blekkingum sem fruminnherji við sölu á stofnfjárbréfum 26. júlí 2007, eða misnotað aðstöðu sína á annan hátt til að hafa fjármuni af stefnanda, hafnað. Stefnda vísi því alfarið á bug að skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi þegar stefnandi hafi lýst yfir riftun 15. september 2009. Því sé alfarið hafnað að hin seldu stofnbréf hafi verið gölluð í skilningi laga nr. 50/2000 eða samkvæmt almennum reglum kröfuréttar, þegar víðskiptin hafi átt sér stað í lok júlí 2007. Verðryrnun stofnfjárbréfanna í kjölfar mikils verðfalls á fjármálamörkuðum á árinu 2008 geti engin áhrif haft í því sambandi. Leggi stefnda jafnframt áherslu á að lagaskilyrði til riftunar í verðbréfavíðskiptum séu mjög þröng og nægi ekki það eitt að ekki hafi verið gætt allra form- og verklagsreglna sem fara hafi átt eftir, ef því væri til að dreifa. Til stuðnings kröfu sinni vísi stefnda jafnframt til þeirrar meginreglu laga að gerða samninga beri að halda.

Þá hafni stefnda því alfarið að skilyrði séu til beitingar 30., 33. eða 36. gr. samningalaga, nr. 7/1936. Stefnda hafi hvorki fengið stefnanda til þess með svikum að ganga til kaupa á umræddum stofnfjárbréfum, né hafi hún þagað sviksamlega yfir atvikum sem máli hafi skipt um löggerninginn. Ekki verði heldur talið óheiðarlegt af stefndu að bera fyrir sig umræddan samning enda engin slík atvik fyrir hendi sem leiða ættu til slíkrar niðurstöðu. Verði ekki heldur fallist á að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að stefnda beri kaupin fyrir sig. Líta verði svo á að stefnandi, sem sé löglærður og hafi starfað sem lögmaður um árabíl, hafi vitað eða mátt vita um áhættu þá sem felist almennt í viðskiptum með stofnfjárbréf í sparisjóði.

Með vísan til eðlis markaðar með stofnfé í sparisjóði sé á engan hátt unnt að fallast á að slík viðskipti geti gengið til baka árum síðar, þegar hagnaðarvon aðila hafi ekki gengið eftir. Þá verði að líta svo á að með tómlæti sínu hafi stefnandi í reynd samþykkt viðskiptin og komi riftun ekki til álita tæpum tveimur árum eftir kaupin, sbr. 32. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000. Stefnda byggji á því að hún hafi á engan hátt brotið gegn lagaákvæðum, verklagsreglum SPRON eða hagsmunum stefnanda og bendi jafnframt á að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að stofnfjárbréfin hafi verið haldin galla í skilningi 18. gr. eða 19. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, við kaupin. Eins hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stofnfjárbréfin hafi ekki haft þá eiginleika söluhlutar sem kveðið sé á um í 17. gr. lausafjárkaupalaga. Enn fjarlægara sé að stefnandi hafi sýnt fram á að bréfin hafi verið haldin verulegum galla, en slíkt sé skilyrði riftunar samkvæmt 39. gr. sömu laga. Auk þess vísi stefnda til 66. gr. lausafjárkaupalaga. Þar komi fram að aðeins sé heimilt að rifta kaupum að kaupandi geti skilað söluhlut að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hlutur var í þegar kaupandi veitti honum viðtöku.

Því sé hafnað að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi, sbr. varakröfu stefnanda. Að mati stefndu hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stefnda hafi valdið honum tjóni með saknæmum og ólögmeætum hætti, auk þess sem ekki sé fallist á að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna viðskiptanna eða að orsakasamband sé á milli þess og viðskipta stefndu við stefnanda, auk þess sem tjónið verði ekki talin sennileg afleiðing umræddra viðskipta. Verði stefnda ekki talin bera ábyrgð á afleiðingum sem séu ófyrirséðar eða tilviljunarkenndar, eins og hér sé raunin. Þá sé og til þess að líta að stefnandi hefði orðið fyrir nákvæmlega sama tjóni ef seljandi stofnfjárbréfanna hefði verið annar stofnfjáreigandi en stefnda, enda eina orsök verðfalls stofnfjárbréfa í SPRON sú fjármálakreppa sem riðið hafi yfir haustið 2008. Því sé alfarið hafnað að háttsemi stefndu, eða annarra aðila sem komið hafi að umræddum viðskiptum, hafi orðið þess valdandi að stofnfjárbréf stefnanda hafi fallið í verði eftir kaupin. Þá verði ekki betur séð en að stefnandi hafi haft 19 mánuði, frá kaupum stofnfjárbréfanna að telja, til þess að takmarka tjón sitt með því að selja bréfin áður en SPRON hf. var tekið til slitameðferðar. Sérstaklega sé tekið fram, með vísan til dómkrafna stefnanda, að ekki sé litið svo á að stefnandi byggji á sjónarmiðum um afslátt. Slíkum sjónarmiðum sé einnig alfarið mótmælt til öryggis (ex tuto). Með sömu rökum sé þrautavarakröfu stefnanda, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu, alfarið hafnað.

Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefndu sérstaklega til dóms Hæstaréttar 29. apríl 2010 í máli nr. 407/2009, sem hafi fullt sönnunargildi í þessu máli.

Stefnda styður sýknukröfu sína við almennar reglur samninga- og kröfuréttar og kröfu um málskostnað við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## Niðurstaða

Svo sem rakið er í kafla um málsatvik hér að framan var fjallað um sömu atvik og liggja máli þessu til grundvallar í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2012, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 14. nóvember 2012 í málinu nr. 650/2012. Í því máli krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótakröfu sem hann lýsti við slit SPRON hf. vegna tjóns sem hann hefði orðið fyrir, við þau kaup sem krafist er riftunar á eða skaðabóta vegna í þessu máli. Körfulýsingin, sem stefnandi lagði fram sem dómskjal í þessu máli, var sömu fjárhæðar og aðal- og varakröfur hans í þessu máli og var hún send slitastjórn SPRON hf. daginn eftir að stefndu var send sú yfirlýsing um riftun og krafa um endurgreiðslu sem aðalkrafa þessa máls byggir á. Í máli stefnanda á hendur slitastjórninni komu í meginatriðum fram sömu málsástæður og lagarök fyrir meintum saknæmum og ólögmætum athöfnum stefndu, sem stjórnarformanns SPRON, og stefnandi byggir á í þessu máli til stuðnings dómkröfum sínum á hendur henni sjálfri, og raktar hafa verið hér að framan. Það var niðurstaða héraðsdóms og Hæstaréttar að orsök tjóns stefnanda verði ekki rakin til meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi af hálfu stjórnar, stjórnarformanns, starfsmanna SPRON eða starfsmanna SPRON verðbréfa hf. og sé ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Stefnandi hafði ekki sýnt fram á að SPRON bæri skaðabótaábyrgð á meintu tjóni hans og var kröfu hans hafnað með svofelldum rökstuðningi:

*Sóknaraðili byggir skaðabótakröfu sína á sakarreglunni og telur varnaraðila eiga sök á meintu tjóni sínu, þar sem stjórnarformaður varnaraðila og stjórn hans hafi af gáleysi eða ásetningi skaðað sóknaraðila fjárhagslega með ólögmætum athöfnum sínum, þannig að hann tapaði allri stofnfjáreign sinni. Þá byggir sóknaraðili á reglunni um húsbóndaábyrgð varnaraðila, þar sem regluvörður og stjórnarformaður varnaraðila og regluvörður SPRON verðbréfa hf. hafi ekki farið að þeim reglum sem þeim hafi verið settar af stjórn varnaraðila.*

*Í sakarreglunni felst að maður beri ábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Öll skilyrði reglunnar þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að leggja skaðabótaábyrgð á tjónvald vegna meints tjóns. Til þess að á varnaraðila verði felld bótaábyrgð í máli þessu nægir því ekki að sýnt sé fram á saknæma og ólögmæta háttsemi varnaraðila, heldur þarf sóknaraðili að sýna fram á orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og þess tjóns sem sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir og að tjónið sé sennileg afleiðing hinnar ólögmætu og saknæmu háttsemi.*

*Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að tjón hans hafi orðið á þeirri stundu er hann keypti umrædd stofnfjárbréf, 26. júlí 2007. Við aðalmeðferð málsins var sóknaraðili sérstaklega inntur eftir því hvort hann teldi að tjón sitt hefði orðið þá og kvaðst hann telja að þegar blekkingum hafi verið beitt af hálfu varnaraðila á*

kaupdegi bréfanna, hafi hann orðið fyrir því tjóni sem krafa hans eigi rætur að rekja til, en krafa hans er að fjárhæð 5.005.005 krónur, auk vaxta.

Fram kemur í gögnum málsins að samkvæmt uppgjöri ársins 2007 nam hagnaður SPRON vegna ársins 3,3 milljörðum króna og fyrir liggur einnig í gögnum málsins að stofnfjáreigendum var greiddur arður í lok maí 2008. Fram kemur á dóm skjali því sem lagt var fram fyrir upphaf aðalmeðferðar, nr. 95, að sóknaraðili var einn þeirra stofnfjáreigenda sem fengu greiddan arð af bréfunum í maí 2008. Samkvæmt framangreindu er ljóst að þau stofnfjárbréf sem sóknaraðili keypti 26. júlí 2007 urðu ekki einskis virði á kaupdegi, eins og sóknaraðili hefur haldið fram. Því verður ekki fallist á að tjón sóknaraðila hafi orðið á þeim degi. Sóknaraðili aðhafðist heldur ekkert í kjölfar kaupanna, sem rennt getur stóðum undir þá staðhæfingu hans, að hann hafi á þeim degi talið sig hafa orðið fyrir tjóni. Hann freistaði þess fyrst í september 2009, eða rúmum tveimur árum eftir kaupin, að rifta kaupum á bréfunum. Hann hélt því umræddum bréfum í rúm tvö ár og fékk greiddan arð af þeim. Hann gerði ekkert til takmarka meint tjón sitt fyrr en rúmum tveimur árum eftir að hann taldi sig hafa orðið fyrir tjóni, en þá hafði Fjármálaeftirlitið skipað SPRON skilanevnd og hlutabréf í varnaraðila voru orðin verðlaus.

Sóknaraðili falaðist sjálfur eftir að kaupa títtnefnd stofnfjárbréf, en kaup á slíkum bréfum fela ávallt í sér ákveðna áhættu þar sem erfitt getur verið að sjá fyrir um þróun markaðarins hverju sinni. Viðskipti aðila voru með óskráð verðbréf, sem ekki var hægt að skrá á skipulegum verðbréfamarkaði og á þeim tíma er viðskipti aðila fóru fram hafði ekki verið óskað eftir skráningu SPRON í kauphöll. Því var áhætta af slíkum viðskiptum enn meiri en ella.

Á sóknaraðila hvílir sönnunarbyrði fyrir því að meint tjón hans verði rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi varnaraðila og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og meints tjóns, sem og þess að tjónið sé sennileg afleiðing háttseminnar. Það er mat dómsins að slík sönnun hafi ekki tekist, heldur hafi verið í ljós leitt að tjón sóknaraðila verði rakið til hans sjálfs og þeirra atburða er urðu í íslensku efnahagslífi í október árið 2008, sem leiddu til falls íslensku bankanna, og þess að stjórn Fjármálaeftirlitsins skipaði skilanevnd yfir SPRON 21. mars 2009. Tjónið verði einnig rakið til þeirrar áhættu er hann tók er hann keypti umrædd bréf og þess að hann reyndi ekki að takmarka tjón sitt, í kjölfar meints tjónsatburðar. Þessir atburðir eru orsök tjóns sóknaraðila og hefur ekkert fram komið í málinu er fært geta sönnur á að tjón hans verði rakið til annars, hvað sem líður vitneskju stjórnar varnaraðila og stjórnarformanns um fjárhagsstöðu SPRON á þeim tíma er sóknaraðili keypti umrædd bréf. Þá breyta meint brot stjórnarformanns, stjórnar og starfsmanna SPRON og SPRON verðbréfa hf. á lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, meint brot gegn lögum um hlutafélög, meint brot gegn reglum sem giltu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, meint brot þeirra á eftirlits- og starfsreglum SPRON verðbréfa hf., meint brot þeirra á eftirlits- og starfsreglum SPRON, meint brot á reglum SPRON um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra, eða meint brot á reglum um viðskipti á stofnfjármarkaði SPRON engu um það heldur. Orsök tjóns sóknaraðila verður ekki rakin til meintrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi af hálfu stjórnar, stjórnarformanns eða starfsmanna varnaraðila eða starfsmanna SPRON verðbréfa hf. og er ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi.

Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, hefur dómur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað. Í máli þessu hefur ekkert það komið fram sem teljist sanna hið gagnstæða og verður framangreint því talið fullsannað. Í því felst meðal annars að tjón stefnanda er að rekja til annarra orsaka en háttsemi stefndu og ber hún þegar af þeirri ástæðu ekki bótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli reglna um skaðabætur utan samninga.

Stefnandi byggir á því að um stefndu hafi átt að gilda reglur um innherjaviðskipti í þágildandi lögum, nr. 33/2003, um verðbrefaviðskipti. Á það verður ekki fallist, svo sem einnig er vikið að í rökstuðningi úrskurðar héraðsdóms sem tekinn er upp hér að framan, sbr. og dóm Hæstaréttar 29. apríl 2010 í máli nr. 407/2009, enda var skráning SPRON í Kauphöll ekki möguleg fyrr en stofnfjäreigendur, þar á meðal stefnandi, höfðu samþykkt að breyta sparisjóðnum í hlutafélag en það var gert 21. ágúst 2007. Þá eiga lög um hlutafélag, nr. 2/1995, ekki við í málinu, enda var SPRON ekki orðið hlutafélag þegar atvik málsins áttu sér stað. Um viðskipti stefndu með stofnfjárhluti giltu á hinn bóginn þær innri reglur SPRON sem stefnandi hefur vísað til.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda hafi brotið gegn reglum SPRON með því að leita ekki heimildar regluvarðar til sölu stofnfjárbréfa sinna eins og henni hafi verið skylt og því séu viðskiptin ekki gild. Stefnda bar fyrir dómnum að hún gæti ekki fullyrt um það hvort, og ef svo væri hvenær, hún hefði tilkynnt regluverði um viðskiptin en taldi sig hafa gert það. Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 650/2012 er það talið óumdeilt að regluverði hafi hvorki verið tilkynnt um viðskipti stjórnarformannsins né honum verið um þau kunnugt af öðrum sökum og er það í samræmi við framburð regluvarðar um atvik í vitnamálinu nr. V-11/2011 og telst upplýst. Fallist er á það með stefnanda að það var í ósamræmi við þágildandi innri reglur SPRON að stefnda lét fyrirfarast að hafa samband við regluvörð vegna sölnunnar. Heimild regluvarðar til viðskiptanna gat þó aldrei haft úrslitaáhrif um gildi þeirra, enda þurfti, í samræmi við samþykktir sparisjóðsins, samþykki stjórnar til eigendaskipta að stofnfjárbréfum í honum. Viðskiptin voru borin undir stjórn sparisjóðsins á fundi 9. ágúst 2007, þau voru þar samþykkt og öðluðust gildi. Málsástæðu stefnanda um ógildi viðskiptanna er því hafnað.

Stefnandi byggir kröfur sínar meðal annars á því að stefnda hafi búið yfir óbirtum upplýsingum um stöðu SPRON vegna þess að skýrsla Capacent var ekki birt í heild sinni. Það hafi verið innherjaupplýsingar sem ekki hafi verið upplýst um við söluna. Því hafi hið selda verið gallað í skilningi 18. gr. og 19. gr. laga um lausafjárkaup.

Þessi málsástæða stefnanda að hann hafi verið leyndur mikilvægum upplýsingum um verðmæti sparisjóðsins, sem stefnda hafi búið yfir, byggist á því að hluti skýrslu Capacent um ætlað verðmat tiltekinna fasteigna var ekki birtur. Upplýsingar um verðmæti sparisjóðsins samkvæmt skýrslu Capacent höfðu verið birtar opinberlega áður en kaupin gerðust, en gengi á stofnfjárbréfum í SPRON var þó ekki í samræmi við matið, heldur virðist hafa stjórnast af væntingum markaðarins vegna fyrirhugaðrar skráningar sparisjóðsins í Kauphöll, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 407/2009. Að dómi þessum virtum og því hve lítil áhrif verðmat Capacent virtist hafa á gengi bréfanna í raun, verður ekki talið að þær takmörkuðu upplýsingar sem

ekki voru birtar hefðu haft þá þýðingu að ætla megi að það hafi haft áhrif á kaupin eða verulegu máli skipt, þannig að 1. mgr. 18. gr. og b-liður 1. mgr. 19. gr. laga um lausafjárkaup geti átt við.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 650/2012 felst full sönnun þess að þau stofnfjárbréf sem stefnandi keypti 26. júlí 2007 urðu ekki einskis virði á kaupdegi. Ekki hefur verið sýnt fram á að hin seldu bréf hafi ekki við afhendingu svarað til þeirra upplýsinga sem veittar voru við markaðssetningu þeirra og ekki hefur heldur verið sýnt fram á að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar sem verulegu máli skiptu varðandi bréfin og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um. Stefnandi hefur samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að hið selda hafi verið gallað við kaupin, en áhætta af söluhlut flyst yfir til kaupanda þegar hann hefur verið afhentur, sbr. 13. gr. laga um lausafjárkaup. Þá var vanræksla stefndu á því að hafa samband við regluvörð ekki orsök þess verðhruns hins selda sem síðar varð og upplýst er með fyrrnefndum dómi að tjón stefnanda er ekki sennileg afleiðing af þeirri háttsemi.

Að því virtu að hið selda var ekki gallað getur stefnandi ekki átt kröfu til riftunar kaupanna vegna galla, sem telji megi til verulegra vanefnda samkvæmt 39. gr. laga um lausafjárkaup. Hann getur ekki heldur átt kröfu til skaðabóta vegna tjóns sem hann hafi beðið vegna galla á hinu selda samkvæmt 40. gr. laganna og ekki er fyrir að fara vanefnd sem bakað geti seljanda ábyrgð samkvæmt reglum 2. mgr. 21. gr. laganna um ábyrgð á galla sem síðar kemur fram, enda ekkert orsakasamband fyrir hendi. Kröfum og málsástæðum stefnanda sem byggjast á vanefndaúrræðum ákvæða laga um lausafjárkaup vegna galla á söluhlut verður samkvæmt framangreindu hafnað.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi með sviksamlegum hætti verið leyndur upplýsingum um hver verið hafi eigandi bréfanna, sem hann hefði aldrei keypt ef hann hefði haft upplýsingar um að það væri stefnda og því séu forsendur kaupanna brostnar. Upplýst er í málinu að stefnandi óskaði ekki eftir upplýsingum um það hver hefði verið eigandi bréfanna fyrr en á árinu 2009 og ekkert hefur komið fram sem styður þá fullyrðingu að yfir þeim upplýsingum hafi hvílt sviksamleg eða saknæm leynd. Engin gögn eða upplýsingar um það hvernig kaupin gerðust styðja þá málsástæðu stefnanda að það hafi verið forsenda hans við kaupin eða ákvörðunarástæða að bréfin sem hann keypti væru ekki í eigu stefndu eða annarra í svipaðri aðstöðu til upplýsinga um sparisjóðinn, og er henni hafnað. Dómurinn tekur undir sjónarmið stefndu um að sú málsástæða stefnanda að ósanngjarnt sé að bera samninginn fyrir sig vegna aðstöðumunar aðila, eigi ekki við nein rök að styðjast, í ljósi menntunar og starfsferils stefnanda. Þá hefur ekki með neinum hætti verið sýnt fram á réttmæti málsástæðu stefnanda um að stefnda hafi komið óheiðarlega fram eða að það sé óheiðarlegt að hún vilji láta kaupin, sem fram fóru árið 2007, standa.

Stefnandi hefur því hvorki sýnt fram á að málsástæður sem byggjast á tilvísan til 30. gr., 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, né málsástæður sem byggjast á sjónarmiðum samningaréttarins um brostnar forsendur, séu á rökum reistar og verður þeim hafnað.

Þegar allt framangreint er virt hefur stefnandi ekki sýnt fram á að skilyrði séu til að fallast á kröfur hans að neinu leyti og verður stefnda því sýknuð af dómkröfum

hans.

Í samræmi við niðurstöðu málsins, og með vísun til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 1.100.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. apríl 2013.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefnda, Hildur Petersen, er sýknuð af kröfum stefnanda, Magnúsar Björns Brynjólfssonar.

Stefnandi greiði stefndu 1.100.000 krónur í málskostnað.

Krístrún Kristinsdóttir